

Artasan ehf.
Suðurhrauni 12A
210 Garðabær

Reykjavík, 25. október 2021
UST202110-129/B.B.B.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar – Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun barst ábending um að sæfivörurnar, **Steriman Gel Hands Sanitizer** og **Dettol Anti-bacterial Hand Hygiene Gel**, sem eru til sölu í verslunum Hagkaupa, uppfylla mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Við eftirlit í Hagkaupum í Skeifunni þann 10. september sl. fundust umræddar vörur til sölu sem fyrirtækið Artasan ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á í skilningi efnalaga. Við skoðun þeirra kom í ljós að varan **Steriman Gel Hands Sanitizer** uppfyllti ekki skilyrði um merkingar, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 878/2014, 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 (CLP) og lið 3.2 í II. viðauka sömu reglugerðar (CLP) sem innleidd er inn í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir hér með Artasan ehf. frest til 8. nóvember 2021 til að senda stofnuninni afrit af uppfærðum merkingum fyrir vöruna Steriman Gel Hands Sanitizer ásamt staðfestingu að bætt hafi verið úr fráviki vegna áþreifanlegrar viðvörunar. Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202110-129.

Umhverfisstofnun veitir Artasan ehf. hér með frest til 1. nóvember nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 1. nóvember nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr.

56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr. Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um markaðssetningu sæfivara og kröfur er varða flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/> og <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur og hættuflokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í síma 591-2000. Nánari upplýsingar um efni bréfsins eða meðfylgjandi eftirlitsskýrslu veitir Bergdís Björk Bæringsdóttir í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið bergdisbb@ust.is.

Virðingarfyllt

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla